

GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Sveitarfélagamörk
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Opin svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Íþróttasvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Strandsvæði
- Þéttbýlismörk
- Hverfisvernd
- Náttúruvá
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Veitur, rafstrengur í jörð
- Stofnvegur eða stofnbraut
- Tengivegur eða tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Göngu- og/eða hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Varnargarður
- Svæði sem breytist

0 0.5 1 2 km

N

Greinargerð

Gerð er óveruleg breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036. Í Eyrarbakkafjöru hefur verið tekið efni á tveimur stöðum undanfarin ár. Aðeins annar staðurinn er á aðalskipulagi. Gerð er breyting á aðalskipulagi þannig að bætt er við öðrum punkti fyrir efnistökusvæðið E2. Heildarstærð efnistökusvæðis verður áfram 4 ha og heimil efnistaka á 160 þús. m3.

Undanfarin ár hefur efni verið tekið á báðum þessum stöðum, um 10 þús. m3 á ári. Sveitarfélagið vill að landnotkun í aðalskipulagi sé í samræmi við raunverulega nýtingu landsins og að hægt verði að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir námuna. Rúmir 600 m eru á milli efnistökustaðanna og nota þeir sömu aðkomu af Eyrarbakkavegi.

Efnistakan er innan svæðis þar sem flóða getur gætt og sjávarstraumar sjá til þess að stöðugt bætist efni í námurnar í stað þess sem er tekið.
Efnistaka í námunum fellur undir lið 2.02 í viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður send fyrirspurn til HMS um hvort efnistakan skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Stefna í gildandi aðalskipulagi fyrir E2:

NR	HEITI	STÆRÐ HA	LÝSING OG SKILMÁLAR
E2	Óseyrarnes	4	Sandnáma. Sandburður Ölfusár og sjávarstraumar gera námuna sjálfbæra því stöðugt berst sandur í hana í stað þess sem tekið er. Alls eru heimildir fyrir efnistöku á 160.000 m³.

Stefna í breyttu aðalskipulagi fyrir E2:

NR	HEITI	STÆRÐ HA	LÝSING OG SKILMÁLAR
E2	Óseyrarnes	4	Sandnáma á tveimur stöðum. Sandburður Ölfusár og sjávarstraumar gera námuna sjálfbæra því stöðugt berst sandur í hana í stað þess sem tekið er. Alls eru heimildir fyrir efnistöku á 160.000 m³.

Umhverfisáhrif
Áhrif af breytingunni eru metin jákvæð að því leyti að bæði svæðin verða skilgreind sem efnistökusvæði í aðalskipulagi. Efnistakan verður í um 670 m fjarlægð frá Eyrarbakka og því ættu íbúar ekki að verða fyrir ónæði vegna hennar. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru óveruleg.

Aðalskipulagsbreytingin hlaut málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum.
Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af bæjarstjórn 2.9.2026

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar
Skipulagsfulltrúi
Sveitafélagið Árborg
Vigfús Þór Árnason

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af HMS 7.10.2026
Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036
Breyting á efnistökusvæði E2

Verk:	Blaðstærð:	Unnið:	Rýnt:
115402	A3	IS	MMR

Mælikvarði:	Dags:	Breytt:
1:50.000	17.08.2026	

EFLA